



Dagsetning: 13. Desember 2022
Málsnúmer: 2211069/8.0

Til íþróttta- og tómstundanefndar

MINNISBLAÐ

Heilsukort (fjölskyldukort) Fjarðabyggðar

Fjarðabyggð hefur til margra ára boðið uppá hjónakort sem veitir afslátt í sund og til líkamsræktar. Árið 2022 var hjónakorti bætt við gjaldskrá skíðasvæðisins Oddsskarðs. Í framhaldi af því komu ábendingar um að þeir aðilar sem eru með minnstan kaupmátt í samfélaginu væru einstæðir foreldrar en ekki hjón.

Skorað hefur verið á Fjarðabyggð að styrkja ungmenni til íþróttaiðkana með því t.d. að bjóða þeim gjaldfrjálsan aðgang að líkamsræktarstöðvum Fjarðabyggðar jafnt og sundlaugum.

Hugmyndin með heilsukortum Fjarðabyggðar er því að bæta um betur og styðja enn frekar við lýðheilsu í heilsueflandi samfélagi. Kortin bjóða upp á einfalda, hagkvæma og þægilega leið fyrir íbúa til að njóta hollra og heilsueflandi tómstunda Fjarðabyggðar. Samtals eru 1.988 pör í sambúð í Fjarðabyggð, og 320 einstaklingar með börn.

Það sem af er árinu 2022 hafa 16 hjón nýtt sér hjónakort til líkamsræktar og í sund og 25 höfðu keypt hjónakort á skíði í Oddsskarði.

Deildarstjóra íþróttamála var falið af íþróttta- og tómstundanefnd að vinna áfram hugmynd að heilsu-fjölskyldukortum Fjarðabyggðar ásamt stýrihópi heilsueflandi samfélags.

Afraksturinn af þeirri vinnu var að leggja til að fjölskyldukortin yrðu 10.000 krónum hærri í verði en núverandi hjónakort þ.e. 108.600 krónur og að fjölskyldukort einstakra foreldra yrðu 7.000 krónum hærri fyrir einstakling með börn eða 69.700.

Deildarstjóri leggur einnig til að íbúar sem keypt hafa árskort og/eða hjónakort geti uppfært kortin sín með því að borga það sem upp á vantar.

Stýrihópur heilsueflandi samfélags lagði einnig til að fjölskyldukortin yrðu gjaldfrjáls fyrir þær fjölskyldur sem eru undir tekjuviðmiðum Fjarðabyggðar.

Deildarstjóri leggur til að umsóknarferli fyrir þessi kort far í gegnum íbúagátt Fjarðabyggðar til að sannreyna búsetu fjölskyldna sem sækja um fjölskyldukortið.



Magnús Árni Gunnarsson

Deildarstjóri

